

Fundargerð aðalfundar 2017

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. fyrir árið 2017 var haldinn í Katrínartúni 2 í Reykjavík, 24. maí 2016 kl. 14:00. Mættir voru fulltrúar 11 hluthafa sem eiga 83,62% hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Löglega var til fundarins boðað og fundurinn sóttur af hluthöfum er fara með tilskilið magn hlutafjár. Fundurinn kaus Dagmar Arnardóttur, hdl., fundarstjóra og Halldóru Jónsdóttur, ritara.


Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Árni Sigurjónsson, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir ársreikning fyrirtækisins en hann var sendur til allra hluthafa fyrir fundinn.
Ársreikningurinn var samþykktur.
3. Lögð var fram tillaga um að fundurinn samþykki að veita stjórn félagsins heimild til að hækka hlutafé félagsins um kr. 4.000.000 eða hlutafé félagsins upp í kr. 151.475.420 með áskrift nýrra hluta. Heimildin mun gilda í 5 ár og hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Tillagan var samþykkt samhljóða.
4. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins og að endurskoðandi yrði endurkjörinn, og var tillagan samþykkt. Stöðurnar eru því skipaðar svo:
 - Árni Sigurjónsson (kt. 281255-3399), stjórnarmaður.
 - Karl Guðmundsson (kt. 161153-4519), stjórnarmaður.
 - Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (kt. 130255-2059) stjórnarmaður.
 - Pálína Magnúsdóttir (kt. 1511637269) stjórnarmaður
 - Halldóra Jónsdóttir (kt. 271055-2779), varamaður í stjórn.
 - Eiríkur Þorláksson (kt. 301153-7169), varamaður í stjórn.
 - Ríkisendurskoðun, endurskoðandi.
5. Hagnaður af rekstri ársins 2016 gangi til uppbyggingar og eflingar félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess. Samþykkt einróma.
6. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2017 til aðalfundar 2018 verði kr. 30.000 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.
7. Önnur mál.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið kl. 14:57.

Dagmar Arnardóttir



Halldóra Jónsdóttir

